

Upplýsingatækni í verki

Lokaskýrsla

Heiti verkefnis: Upplýsingatækni í verki

Styrkþegar: Garðaskóli

Verkefnisstjóri: Hildur Rudolfsdóttir

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn: Að taka upp og klippa þrjú myndbönd þar sem sýnd væri notkun upplýsingatækninnar í mismunandi fögum í Garðaskóla; samfélagsgreinum (þemaverkefni um Afríku) og valfögum Forritun og Lego First sem voru keyrð í fyrsta skipti skólarið 2015-2016. Myndböndunum var ætlað að veita öðrum kennurum innsýn inn í vinnuferli nemenda og afrakstur verkefna þar sem upplýsingatækni er markvisst notuð.

Leiðir sem farnar voru til að ná markmiðum þ.e. framkvæmd, tímaplan og umfang verkefnis:

Kennsluráðgjafi var í samskiptum við þrjá kennara á haustönn í þeim fögum sem ætlað var að sýna og kynna. Bein viðtöl við nemendur voru ekki fyrirhuguð en bréf var sent með tölvupósti á alla námshópa um verkefnið, þar sem foreldrum og nemendum gafst kostur á að taka ekki þátt/vera ekki í mynd. Enginn nemandi né foreldri hafði samband við kennsluráðgjafa vegna þessa. Tekin voru upp viðtöl við kennara og myndefni á haustönn inn í öllum þremur fögunum sem um ræðir.

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun: Áður en kom að klippingu og frekari myndatöku (í þeim fögum sem spönnuðu tvær annir) hrundi harði diskur í fartölvu kennsluráðgjafans. Þar sem myndefni er þungt í vinnslu hafði það verið geymt á tölvunni sjálfri en ekki á sameign skólans. Myndefnið glataðist því og í samráði við skólastjóra Garðaskóla var ákveðið að reyna ekki að taka upp meira myndefni til að koma í staðinn fyrir það sem tapaðist.

Ráðstöfun styrks þ.e:

Heildarupphæð styrks: 0

Hildur Rudolfsdóttir
Garðabær, 6. júní 2016

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026